



# Gróður á áhrifasvæði fyrirhugaðar Austurgilsvirkjunar

Unnið fyrir Verkís

Hafdís Sturlaugsdóttir

Ágúst 2016  
NV nr. 23a-16

## ÚTDRÁTTUR

Að beiðni Verkís var gróður athugaður við Austurgil vegna fyrirhugaðar virkjunar í Austurgilsá sem fellur í Selá í Skjalfannardal við Ísafjarðardjúp.

Rannsóknarsvæðinu var skipt í tvö svæði, eftir svæði við vötnin og þar um kring og neðra svæði sem var hlíðin niður með Austurgili sem snýr að Selá. Uppi við vötnin var svæðið fremur grýtt. Þar var gróður aðallega við vötn og ár en líttill gróður þess á milli. Þó var nokkur mosápekkja á sumum svæðum og fléttur og skófir á steinum nokkuð miklar. En á stæðstum hluta svæðisins var gróðurþekja minni en 5%. Á neðra svæðinu einkenndist gróðurfarið af lyngmóa og fjalldrapamóa en ofar var mýrlendi á hjöllum. Undirlagið var að mestu samskonar og á eftir svæðinu, það er stórgrýtt urð.

Alls fundust 73 villtar íslenskar tegundir háplantna á svæðinu í heild. Nokkrar þessara plantna eru háfjallaplöntur s.s. jöklasóley, fjallasmári, dvergsóley og lækjarsteinbrjótur. Aðrar tegundir sem fundust eru algengar á þessu landsvæði. Ekki fannst nein friðuð eða sjaldgæf háplanta.

## EFNISYFIRLIT

ÚTDRÁTTUR .....	2
EFNISYFIRLIT .....	3
MYNDALISTI.....	3
TÖFLULISTI.....	3
INNGANGUR .....	4
AÐFERÐIR.....	4
Rannsóknarsvæðið .....	4
NIÐURSTÖÐUR .....	5
Gróðurfar.....	5
Tegundir plantna .....	8
Teikningar .....	13
Gróðurkort 1.....	13
Gróðurkort 2.....	14
Gróðurkort 3.....	15
Skýringar við gróðurkortin .....	15
Umræður .....	16
Þakkir .....	16
Heimildir .....	17

## MYNDALISTI

Mynd 1. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæði. Kort Verkís. ....	5
Mynd 2. Gróður meðfram Vondadalsvatni. ....	6
Mynd 3. Urð með fjölbreyttum fléttugróðri.....	6
Mynd 4. Mýri á hjalla, dýjamosi áberandi í bland við klófífu og hengistör. ....	7
Mynd 5. Hlíðin neðan hjallanna, aðalbláberjalyng í mestri þekju. ....	8
Mynd 6. Gróðurkort af svæðinu upp af Selá – hluti neðra svæðis. ....	13
Mynd 7. Gróðurkort af neðra svæði við Austurgil og hluta efra svæðis. ....	14
Mynd 8. Gróðurkort af efra svæði við Vondadalsvatn. ....	15

## TÖFLULISTI

Tafla 1. Listi yfir íslenskar blómplöntur sem fundust við gróðurskoðun á efra svæði.....	9
Tafla 2. Listi yfir íslenskar blómplöntur sem fundust við gróðurskoðun á neðra svæði. 10	

## INNGANGUR

Að beiðni Verkís var gróður athugaður á áhrifasvæði fyrirhugaðar Austurgilsvirkjunar í landi Laugalands í Skjalfannardal við Ísafjarðardjúp.

Gróður rannsóknir á þessu svæði hafa ekki verið margar. Gróðurkort af lálendi Skjalfannardals var til hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Það var teiknað um 1980 en staffað 2014. Líkur eru á að gróður hafi breyst eitthvað á þeim tíma sem liðinn er. Gróður var athugaður af Náttúrustofu Vestfjarða við Nauteyri í Ísafjarðardjúpi fyrir Hraðfrystihúsið Gunnvöru árið 2015 (Hafdíð Sturlaugssdóttir, 2015). Gerður var tegundalisti um fágætar tegundir á Snæfjallaströnd (Hörður Kristinsson, 2012).

## AÐFERÐIR


Gróðurkort af hluta af svæðinu var til hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Í gagnabanka Náttúrufræðistofnunar Íslands eru til plöntulistar yfir háplöntur í 10x10 km ( $100 \text{ km}^2$ ) reitum frá þessu svæði (Náttúrufræðistofnun Íslands., 2006). Rannsóknarsvæðið er í reitum 3537 og 3538 en nær aðeins yfir mjög lítinn hluta þeirra. Plöntulistarnir voru athugaðir fyrir vettvangsferð til að kanna hvort í reitunum væru plöntur á válista háplanta (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1996). Ekki hafa verið skráðar plöntur á válista á þessu svæði né heldur friðlýstar plöntur.

Gróður var kortlagður á vettvangi þann 16. júlí 2016. Við gróðurskoðun var gengið um svæðið og skráðar plöntutegundir. Ekki var farið um svæðið norðan Vondadalsvatns og efra Vondadalsvatns, þar sem lítinn gróður var talið að þar væri að finna. Gróður var flokkaður í gróðurlendi með sjónmati og þekja skráð. Teiknað og skráð var inn á loftmyndir. Gróðurlendin voru síðan teiknuð á tölvu með forritinu Microstation.

Notaður var gróðurflokkunarlykill Náttúrufræðistofnunar frá 1997 (Náttúrufræðistofnun Íslands, 1997).

### Rannsóknarsvæðið

Rannsóknarsvæðið var frá 60 m hæð upp í 430 m hæð. Rannsóknarsvæðinu var skipt upp í tvö svæði þ.e. efra svæði og neðra svæði. Efra svæðið er í kringum Vondadalsvatn og önnur vötn og árnar uppi á hálandinu og fram á brún þar sem fer að halla niður í Skjalfannardalinn. Neðra svæðið var hlíðin meðfram Austurgili og niður að Selá, en þar er gert ráð fyrir aðrennslispípum sbr. mynd 1. Afmörkun rannsóknarsvæðis var gerð í samræmi við skyrslu Orkustofnunar um svæðið (Erla Björk Þorgeirs dóttir og fl., 2013) og yfirlitsmynd frá Verkís (sjá mynd 1) Mynd 1. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæði. Kort Verkís..



Mynd 1. Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæði. Kort Verkís. Rauðir rammar vísa í gróðurkort.

## NIÐURSTÖÐUR

Rannsóknarsvæðið var fremur erfitt yfirferðar. Uppi við vötnin var svæðið fremur grýtt. Þar var gróður aðallega við vötn og ár en líttill gróður þess á milli. Þó var nokkur mosáþekja á sumum svæðum og fléttur og skófir á steinum nokkuð miklar. En á stæðstum hluta svæðisins var gróðurþekja minni en 5%. Neðra svæðið var auðveldara yfirferðar. Þar einkenndist gróðurfarið af lyngmóa og fjalldrapamóa en ofar var myrlendi á hjöllum. Undirlagið var að mestu samskonar og á eftir svæðinu, það er stórgreytt urð.

Gróðurflokkun er sýnd á teikningu á þremur myndum, gróðurkort 1, 2 og 3. Svæðin á gróðurkortunum má sjá á yfirlitsmynd af svæðinu (mynd 1). Teikningarnar ná til þeirra svæða sem einhvern gróður að ráði er að finna.

## Gróðurfar

### Eftir svæði.

Athugunarsvæðið lá í 350 til 440 m hæð yfir sjó. Við Vondadalsvatn var nokkur gróðurþekja við vatnið og læki sem renna í það og Austurgilsá. Aðallega voru það vætumosar í eða við ánnu og vötnin. Með mosanum voru blómplöntur s.s. stjörnusteínbrjótur (*Saxifraga stellaris*), lækjarsteínbrjótur (*Saxifraga rivularis*) og fjalladepla (*Veronica alpina*) (sjá mynd 2).



Mynd 2. Gróður meðfram Vondadalsvatni.

Þegar fjær kom vötnum eða vatnsfarvegum var lítill gróður. Þar voru mest urðir og grjót. Þó voru snjólautir hér og þar með mosagróðri, mest snjómosa og t.d. fjallasmára (*Sibbaldia procumbens*), grámullu og ólafssúru. Í urðum var víða mjög fjölbreyttur fléttugróður (sjá mynd 3).



Mynd 3. Urð með fjölbreyttum fléttugróðri.

Nær Skjalfannardalnum var meiri mosagróður enda í minni hæð en vötnin. Þar var mosáþekja á bilinu 25-50% ýmist bara mosi eða mosi með krækilyngi og grasvíði.

Tafla 1. Skipting efra svæðis í gróðurlendi.

Gróðurlendi	Stærð ha	%
Mosagróður	399	15%
Víðimói	5	0%
Hálfdeigja	64	2%
Mýri	7	0%
Grjót og vötn	2209	82%
	2684	100%

Tafla 1 sýnir skiptingu á gróðurlendum og ógrónum svæðum á efra rannsóknarsvæðinu. Ekki er tekið tillit til þekju plantna í þessari töflu. Það sést að mest er af ógrónu landi þ.e. grjót og vötn. Af hinum eiginlegu gróðurlendum er mosagróður algengastur og síðan mosar í deiglendi sem flokkast með hálfdeigju.

#### ***Neðra svæði.***

Neðra svæðið var skilgreint sem hlíðin meðfram Austurgilinu sjálfu og sem snýr í Skjalfannadalinn og að Selá. Á þessu svæði var mun meiri gróður en á efra svæðinu og fjölbreyttari, sjá töflu 2. Í hlíðinni voru hjallar og upp á þeim var votlendi með klóffifu (*Eriophorum angustifolium*) og hengistör (*Carex rariflora*). Dýjamosi var einnig víða á svæðinu (sjá mynd 4). Á milli hjallanna þar sem var brattara, var að mestu mosi með smárunnum, þ.e. krækilyngi (*Empetrum nigrum*) og grasvíði (*Salex herbacea*). Einnig var snjómosi á þeim svæðum en ekki í svo miklu mæli hægt væri að taka út þekju.



Mynd 4. Mýri á hjalla, dýjamosi áberandi í bland við klóffifu og hengistör.

Neðar var meiri lynggróður. Þar var aðalbláberjalyng (*Vaccinium myrtillus*), krækilyng, fjalldrapi (*Betula nana*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) á stórum svæðum. Neðst á svæðinu var birkikjarr (*Betula pubescens*) með fjaldrapamóa á milli. Það sem snéri meir á móti Austurgilinu sjálfu var meiri mosi með smárunnum. Þar voru líka aðalbláberjabrekkur með bláberjalyngi og krækilyngi.



Mynd 5. Hlíðin neðan hjallanna, aðalbláberjalyng í mestri þekju.

Tafla 2. Skipting neðra svæðis í gróðurlendi.

Stærð

Gróðurlendi	ha	%
Mosagróður	45	17%
Lyngmói	77	29%
Fjaldrapamói	5	2%
Birki	33	12%
Starmói	68	26%
Graslendi	2	1%
Hálfdeigja	2	1%
Mýri	34	13%
	266	100%

Samkvæmt töflu 2 er lyngmói algengasta gróðurlendið og síðan starmói, sem að mestu var einnig með lyngi.

## Tegundir plantna

Alls fundust 38 tegundir villtra háplantna og byrkninga á efra svæðinu en 67 tegundir á neðra svæðinu.

Listi yfir villtar íslenskar plöntur sem fundust í gróðurskoðun fylgir með í töflum 1 og 2. Nöfn á íslenskum plöntum eru samkvæmt Íslensku plöntuhandbókinni eftir Hörð Kristinsson (2011).

Tafla 3. Listi yfir íslenskar blómplöntur sem fundust við gróðurskoðun á efra svæði.

Íslenskt heiti	<i>Latneskt heiti</i>
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Dvergsóley	<i>Ranunculus pygmaeus</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>
Fjallafræhyrna	<i>Cerastium nigrescens</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Hlíðamaríustakkur	<i>Alchemilla filicaulis</i>
Jöklasóley	<i>Ranunculus glacialis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lækjarfræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>
Lækjasteinbrjótur	<i>Saxifraga rivularis</i>
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>
Mosalýng	<i>Harrimanella hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>

<b>Íslenskt heiti</b>	<b>Latneskt heiti</b>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Sauðamergrur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteinbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Trefjasóley	<i>Ranunculus hyperboreus</i>
Túnffífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga cespitosa</i>

Tafla 4. Listi yfir íslenskar blómplöntur sem fundust við gróðurskoðun á neðra svæði.


<b>Íslenskt heiti</b>	<b>Latneskt heiti</b>
Aðalbláberjalyng	<i>Vaccinium myrtillus</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Barnarót	<i>Coeloglossum viride</i>
Belgjastör	<i>Carex panicea</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blágresi	<i>Geranium sylvaticum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupuntur	<i>Avenella flexuosa</i>
Dvergsóley	<i>Ranunculus pygmaeus</i>
Finnungur	<i>Nardus stricta</i>

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjallastör	<i>Carex norvegica</i>
Fjallavíðir	<i>Salix arctica</i>
Fjalldrapi	<i>Betula nana</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Gulvíðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Hengistör	<i>Carex rariflora</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hlíðamaríustakkur	<i>Alchemilla filicaulis</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Klöelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófífia	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Lindadúnurt	<i>Epilobium alsinifolium</i>
Litunarjafni	<i>Diphasiastrum alpinum</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Lyfjagras	<i>Salix lanata</i>
Lyngjafni	<i>Pinguicula vulgaris</i>
Lækjafræhyrna	<i>Lycopodium annotinum</i>
Lækjasteinbrjótur	<i>Saxifraga rivularis</i>


<b>Íslenskt heiti</b>	<b>Latneskt heiti</b>
Melablóm	<i>Arabidopsis petraea</i>
Melanóra	<i>Minuartia rubella</i>
Mosajafni	<i>Selaginella selaginoides</i>
Mosalýng	<i>Harrimanella hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Rjúpustör	<i>Carex lachenalii</i>
Sauðamergr	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>
Skollafingur	<i>Huperzia selago</i>
Slíðrastör	<i>Carex vaginata</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowii</i>
Stjörnusteínbrjótur	<i>Saxifraga stellaris</i>
Túnffíll	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vegarfí	<i>Cerastium fontanum</i>
Þrílaufungur	<i>Gymnocarpium dryopteris</i>
Þúfusteinbrjótur	<i>Saxifraga cespitosa</i>

## Teikningar

### Gróðurkort 1.




Mynd 6. Gróðurkort af svæðinu upp af Selá – hluti neðra svæðis, sjá mynd 1.

**Gróðurkort 2**

Mynd 7. Gróðurkort af neðra svæði við Austurgil og hluta eftir svæðis, sjá mynd 1.

### Gróðurkort 3



Mynd 8. Gróðurkort af efra svæði við Vondadalsvatn, sjá mynd 1.

### Skýringar við gróðurkortin

#### Mosagróður

- A1 Mosi
- A3 Mosi með stinnastör og smárunnum
- A4 Mosi með smárunnum

#### Lyngmói

- B1 Krækilyng, fjalldrapi og bláberjalyng
- B9 Aðalbláberjalyng

#### Fjalldrapamói

- C1 Fjalldrapi, bláberjalyng og krækilyng
- C5 Ilmbjörk

#### Starmói

- G2 Stinnastör með smárunnum

#### Graslendi

- H3 Grös með smárunnum

#### Hálfdeigja

- T5 Grös og starir

- T30 Mosar í deiglendi

T31 Mosar og grávíðir/smárunnar í deiglendi

#### Mýri

- U1 Mýrastör - Hengistör
- U4 Mýrastör - klófífa
- U21 Dýjhahnappur - Lindaskart

#### Gróðurþekja

- x 75% þekja
- z 50% þekja
- þ 25% þekja

#### Ógróðið land

av Vatn

gt Grjót

## Umraður

Litlar gróðurfarsrannsóknir hafa verið gerðar á þessu svæði. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessu svæði eru ekki á sambærilegum svæðum.

Alls fundust 73 plöntutegundir á rannsóknarsvæðinu í heild, 67 tegundir á neðra svæðinu og 38 á því efra. Þetta er aðeins hluti af þeim tegundum sem hafa verið skráðar á þessu svæði, en í reit 3537 hafa verið skráðar 115 tegundir og 122 í reit 3538. Reitirnir eru stórir og ná yfir mun fjölbreyttari gróðurlendi en var á rannsóknarsvæðinu.

Á efra svæðinu var gróður mjög lítill enda skammt í jökulinn. Gróðurfar á efra svæðinu svipar mjög til gróðurs á austanverði Glámu en þar var aðeins gróður við ár, læki og vötn (Hafdís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo, 2008). Gróður var aðallega við Vondadalsvatnið og upp með á sem rennur í það úr efra Vondadalsvatni. Merki voru um beit við vatnið en það heyrðist í álfum á vatninu. Ekki sást neinn búfénaður eða merki um hann á þessu svæði. Fléttur og skófir voru mjög áberandi á grjóti á svæðinu. Nokkrar fannir lágu ennþá sumstaðar voru litlar lískur á því að þær tækju allar upp þetta sumarið.

Á neðra svæðinu var gróður í nokkuð góðu ástandi. Þekja var nokkuð mikil neðan til en ofar voru brattir stallar sem gróður var ekki mikill en þó var þar mosagróður. Stórir steinar stóðu upp úr gróðurþekjunni í hlíðinni eins og sjá má á mynd 5. Nokkrir lækir voru í hlíðinni og dýjauppsprettur ofarlega.

## Þakkir

Þórði Halldórssyni í Laugaholti er þökkuð aðstoð á vettvangi.

## **Heimildir**

Erla Björk Þorgeirsdóttir, Kristinn Einarsson og Kristinn Pétursson. 2013. Virkjunarkostir til umfjöllunar í 3. Áfanga rammaáætlunar. Kafla 6.55 R3157A Austurgilsvirkjun. Drög. Orkustofnun – OS-2013/01.

Hafdís Sturlaugsdóttir . 2015. Gróður við Nauteyri við Ísafjarðardjúp. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 14-15.

Hafdís Sturlaugsdóttir og Cristian Gallo. 2008. Gróðurathugun á Glámu, Náttúrustofa Vestfjarða NV nr. 24-08.

Hörður Kristinsson. 2011. Íslenska plöntuhandbókin, Mál og menning.

Hörður Kristinsson. 2012. Fágætar plöntur á Snæfjallaströnd. Snjáfjallasetur.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 1996. Válisti 1 Plöntur. Reykjavík.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2006. <http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/>